



908. fundur stjórnar GSÍ, 25.02.2019 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Jón S. Árnason (í gegnum fjarskiptabúnað), Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 907. fundar var samþykkt og undirrituð

2. Tillaga afreksnefndar

Jón S. Árnason formaður afreksnefndar fór ítarlega yfir tillögu afreksnefndar til stjórnar varðandi ráðningu í stöðu afreksstjóra GSÍ. Tillaga afreksnefndar hafði verið send stjórnarfólki fyrir fundinn og höfðu Jón Stefánsson, Hulda Bjarnadóttir og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir lýst sig samþykka tillögunni.

Þó nokkrar umræður áttu sér stað um tillöguna og beindu nokkrir stjórnarmenn spurningum til formanns afreksnefndar um ráðningarferlið og tillögu nefndarinnar. Að loknum umræðum var samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga til viðræðna við þann aðila sem afreksnefnd lagði til að yrði ráðinn. Þegar og ef samningar nást við þennan tiltekna umsækjanda, var stjórn sammála um að fela framkvæmdastjóra og afreksnefnd, í samráði við nýráðinn afreksstjóra, að hefja viðræður við aðstoðarmann/aðstoðarmenn afreksstjórans á grundvelli verkaskiptingar sem afreksnefnd, framkvæmdastjóri og afreksstjóri koma sér saman um. Stjórn var sammála um að slík verkaskipting yrði að liggja skýrt fyrir áður en aðstoðarmenn yrðu ráðnir. Þá yrðu ráðningarnar að rúmast innan fjárhagsáætlunar.

3. Stefnumótun GSÍ

Eggert Á. Sverrisson upplýsti stjórnarmenn um að niðurstöður úr báðum könnunum, sem gerðar voru meðal stjórnarfólks og framkvæmdastjóra golfklúbba, séu nú að verða klárar og beindi því að formönnum nefnda að nú væri mikil vinna sem nefndirnar þyrftu að leggja í. Eggert fór ítarlega yfir tímalínuna á stefnumótunavinnunni ásamt því að stinga upp á að hver nefnd fái ákveðið form til þess að fylla inn sínar upplýsingar sem gerir það að verkum að auðveldara verður að samræma skil starfsnefnda.

4. Boðun aukapings 23. mars 2019

Boðað hefur verið til aukapings skv. lögum GSÍ þann 23. mars næstkomandi í Laugardalshöll en tilefnið eru framtíðaráform hreyfingarinnar varðandi tölvukerfi



sambandsins. Haukur Örn tjáði stjórn frá því að öllum þinggögnum yrði komið á aðildarfélög síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið.

5. Önnur mál

- Farið yfir mikilvægar dagsetningar í tengslum við vinnu stjórnar GSÍ á árinu 2019

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 18:15